

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 259/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Skúla Rósantssyni

(Guðni Á. Haraldsson hrl.).

Líkamsárás. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Krafa um opinbera ákæru.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 22. október 1988 kvaðst Anna Kristín Ásmundsdóttir kæra ákærða fyrir þá háttsemi, sem ákært er fyrir í málinu. Kærana ítrekaði hún tveim dögum síðar.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti fjallaði ríkissaksóknari um það og síðar skipaður verjandi ákærða, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, hvort með þessu væri fullnægt áskilnaði 2. tl. a 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skipaður verjandi mótmælti því, að ný yfirlýsing kæranda um þetta kæmist nú að í málinu. Var það atriði tekið til úrskurðar, um leið og málið var tekið til dóms að afloknum málflutningi.

Samdægurs var kærandi kvödd fyrir sakadóm Keflavíkur og innt eftir því, hvort hún gerði kröfu um, „að ákærða ... verði refsað fyrir að hafa ... ruðst inn í bifreiðina Ö-12121 og neitað að fara úr henni, er ökumaður hennar ... skoraði á hann að gera það“. Kvaðst kærandi gera eindregna kröfu um, að ákærða yrði refsað fyrir téða háttsemi.

Eins og málið horfir nú við, er ljóst, að áskilnaði nefnds ákvæðis 242. gr. laga nr. 19/1940 er fullnægt.

Ákærði ruddist inn í leigubifreiðina Ö-12121, neitaði að fara út þrátt fyrir ítrekuð tilmæli bifreiðarstjórans, Önnu Kristínar, og

veittist að henni með líkamlegu ofbeldi með þeim afleiðingum, að hún fékk áverka á vinstri hönd og úlnlið.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að ákærði hafi með þessu athæfi brotið gegn 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Gögn máls þessa voru að lokinni lögreglurannsókn send ríkissaksóknara 29. nóvember 1988, en ákæra í málinu var gefin út 12. mars 1990. Verður að átelja þenna drátt á málsmeðferð.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Skúli Rósantsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 1. mars 1991.

Ár 1991, föstudaginn 1. mars, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 88/2987: Ákærvaldið gegn Skúla Rósantssyni, sem dómtekið var 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags 12. mars 1991, á hendur Skúla Rósantssyni, Heiðarbóli 1, Keflavík, fæddum 3. september 1960, fæðingarnúmer 564, „fyrir að hafa að kvöldi laugardagsins 22. október 1988 við Hjallaveg 5, Njarðvík, ruðst inn í leigubifreiðina Ö-12121 og neitað að fara úr henni, er ökumaður hennar, Anna Kristín Ásmundsdóttir, fædd 24. apríl 1965, skoraði á hann að gera það, og síðan í átökum við hana snúið upp á vinstri hönd hennar með þeim afleiðingum, að hún tognaði í úlnlið og vöðva vinstri handar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta“.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík óskaði leigubifreiðarstjóri eftir aðstoð lögreglunnar að Hjallavegi 5, Njarðvík, laugardaginn 22. október 1988 kl. 23. Þar hittu lögreglumenn Önnu K. Ásmundsdóttur, Kirkjuvegi 42, Keflavík, kt. 240465-4269, ökumann Ö-12121. Hún var mjög miður sín og kvað dökkhærðan meðalmann í svörtum stuttum jakka hafa ráðist að sér. Hann hefði tekið stefnuna á Fífumóa 3 D og væri staddur í íbúð Hafsteins Ingibergssonar. Lögreglumennirnir héldu strax þangað og mættu í útidrym þeim Hafsteini Ingibergssyni, Fífumóa 3 D, Njarðvík, kt. 290366-3139, og ákærða í máli þessu, en lýsing Önnu Kristínar átti við hann. Segir síðan í skýrslunni:

— — —

Áverkavottorð H. Hermannssonar, heilsugæslulæknis í Keflavík, dags. 23.10.1988, hljóðar svo: „Bifreiðarstjóri (A.K.Á.), það var ráðist á hana í vinnu. Tilkynnt á heilsugæslu kl. 23.35 22.10.1988. Skoðun: 23.10.1988 kl. 12.30: Kvartar um verki v. úlnlið, sem leiðir fram í hendi (sic). Hún er með afrifu í v. úlnlið, þroti í úlnlið, sennilega blæðing í liðum og tognun. Eymsli fram í enbrosseal-bil handarbaks, sennil. tognun eða blæðing í enbrosseal-vöðva v. handar.“

Ákærði og vitnin Anna Kristín Ásmundsdóttir og Hafsteinn Ingibergsson hafa gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Verður nú að meginefni greint frá framburði þeirra.

Anna Kristín Ásmundsdóttir:

Hún ók leigubifreiðinni Ö-12121 frá Ökuleiðum og var, er atvikið gerðist, að bíða eftir farþegum, sem hún var með, meðan þeir fóru inn í fjölbýlishúsið Hjallaveg 5, Njarðvík.

Tveir ölvaðir menn, Hafsteinn Ingibergsson, sem hún þekkti fyrir, og ákærði, komu út úr fjölbýlishúsinu. Ákærði ruddist rakleitt inn í bifreiðina, tók sér sæti í framsætinu og skipaði henni (sic) að aka sér að K.K.-húsinu (Glaumbergi) í Keflavík. Hún margbað hann að fara út úr bifreiðinni, en hann neitaði því, þrátt fyrir það að hún sýndi honum, að gjaldmælingin væri í gangi og að hún væri í biðtúr. Ákærði hótaði henni, kallaði hana illum nöfnum, þreif í hana og skipaði henni að aka sér. Hún sló hann þá í andlitið með handarbaki. Ákærði þreif þá um hendur hennar og sneri hana niður eins langt og hægt var. Hún kallaði margsinis á Hafstein Ingibergsson, sem hafði gengið frá bifreiðinni, en kom til baka og kastaði af sér vatni yfir „húddið“, áður en hann fékk ákærða til að koma með sér í burtu. Hún áætlaði, að atburðarásin hefði varað í 10-15 mínútur.

Ákærði:

Þeir Hafsteinn Ingibergsson voru að búast til brottfarar frá fjölþýlishúsinu Hjallavegi 5, Njarðvík, í skemmtistaðinn Glaumberg eða K.K.-húsið við Vesturbraut í Keflavík og höfðu hringt á leigubifreið. Þeir voru báðir nokkuð ölvaðir. Er þeir komu út, stóð þar leigubifreið. Settist hann í framsetið og spurði, hvort bifreiðin væri upptekin (sic). Stúlkan, sem var öku- maður, sagði, að svo væri. Hann sagði, að sér væri sama, hvort hún væri upptekin eða ekki, hún skyldi bara slökkva á mælinum, setja í gang á ný og aka sér í K.K.-húsið. Hann skipaði henni þannig tvisvar-þrisvar að aka þrátt fyrir neitun hennar. Hún öskraði þá: „Drullaðu þér út úr bílnum!“ Hann hagræddi sér í sætinu og krosslagði hendur, sá, að Hafsteinn var að pissa við hlið dekkis bifreiðarinnar (eða upp á „húddið“). Þá skipti engum togum, að stúlkan lamdi hann í andlitið með flötum lófa vinstri handar. Hann greip þá í vinstri hönd hennar og síðan hægri hönd, dró hana að sér og sagði: „Réttast væri að slá þig líka, tíkin þín.“ Þá kallar hún: „Hafsteinn, hjálpaðu mér!“ Hafsteinn kom þá, greip í öxl ákærða og skipaði honum að koma. Þeir fóru þá saman í burtu. Atburðarásin varði 1/2-1 mínútu, þann tíma, sem það tók Hafstein að kasta af sér vatni, enda fór hann ekki frá bifreiðinni, meðan rimman stóð yfir. Um glens var að ræða af hans hálfu, hann hafði alltaf ætlað sér að fara út úr bifreiðinni, enda ekki lokað dyrum hennar.

Hafsteinn Ingibergsson:

Þeir ákærði höfðu hringt á leigubifreið að Hjallavegi 5, Njarðvík, og töldu leigubifreið, sem renndi að húsinu, vera bifreið sína. Þeir gengu að henni. Kona var bifreiðarstjóri, og sá hann ekki, hver það var, þrátt fyrir það að ljós var kveikt í bifreiðinni, en frétti síðar, að þar hefði verið Anna, sem um tíma hafði búið með bróður hans. Ákærði fór á undan að bifreiðinni og settist við hlið bifreiðarstjórans. Sjálfur fór hann ekki inn í bifreiðina, þar sem honum var mál að pissa, heldur gerði þarfir sínar við hægri hlið bifreiðarinnar framanverðrar og horfði á meðan stöðugt inn í bifreiðina. Hann veitti því athygli, að ákærði og konan rifust og hún kallaði: „Drullaðu þér út úr bílnum.“ Ákærði krosslagði hendur. Þá sló konan hann með flötum lófa í andlitið, án þess að ákærði hefði áður ógnað henni. Ákærði tók þá um hendur konunnar, grúfði sig yfir hana og fetti þær niður. Hún kallaði þá: „Hafsteinn, hjálpaðu mér,“ en hafði ekki áður kallað á hann. Er hann hafði lokið við að kasta af sér vatni, en atburðarásin varði á meðan í um 1/2-1 mínútu, fór hann til ákærða og bað hann að koma, sem hann gerði þegar í stað. Dyrnar við hlið ákærða voru opnar allan tímann.

— — —

Sannað er með framburði ákærða og vitna, lögregluskýrslu og áverka-vottorði, að ákærði hefur gerst sekur um brot, sem greinir í ákæru. Fráleitt er, að atлага ákærða að Önnu Kristínu Ásmundsdóttur hafi réttlæst af neyðarvörn, enda var honum auðvelt, þar sem hann sat við hlið Önnu Kristínar, að fara út um opnar dyr bifreiðarinnar. Bar honum enda að gera svo þegar í upphafi, er honum var tjáð, að bifreiðin væri ekki til reiðu fyrir hann. Viðbrögð Önnu Kristínar, er hún sló til ákærða, hljóta á hinn bóginn eftir atvikum að teljast réttlætanleg miðað við aðstæður og þar sem ákærði lét ekki skipast við orð hennar. Um tímalengd atburðarásar, þar sem svo kann að virðast sem ákærða og vitninu Hafsteini Ingibergssyni beri nákvæmlega saman (1/2-1 mínúta), er það hins vegar álit dómsins, að svo sé ekki í raun, þar sem Hafsteinn bar, að ákærði hefði farið á undan sér að bifreiðinni og sest við hlið bifreiðarstjórans.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:
[Tveimur sektum fyrir umferðarlagabrot].

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákvörðuð sekt 60.000 kr., og komi varðhald tuttugu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnars Mogensens hdl., 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Rósantsson, greiði sekt, 60.000 kr., og komi varðhald tuttugu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnars Mogensens hdl., 40.000 krónur.